

Lög Animu

I Heiti og tilgangur.

II Félagsmenn og félagsgjöld.

III Stjórn.

IV Nefndir og fulltrúar.

V Aðalfundir.

VI Haustfundur.

VII Aðrir félagsfundir.

VIII Lög.

I Heiti og tilgangur.*f*

1. gr Félagið heitir Anima, félag grunnema í sálfræði við Háskóla Íslands.

2. gr Tilgangur félagsins er að koma fram fyrir hönd sálfræðinema, vinna að hagsmunum þeirra og sjá um almennt félagslíf.

II Félagsmenn og félagsgjöld.

3. gr Félagsmenn eru allir sálfræðinemar við H.Í. sem greitt hafa félagsgjald. Félagsmenn geta tekið þátt í starfi félagsins en þeir einir eru kjörgengir og hafa tillögu- og atkvæðisrétt. Aðilar utan félagsins geta tekið þátt í viðburðum félagsins gegn gjaldi.

4. gr Stjórn félagsins tekur ákvörðun um félagsgjöld í byrjun hvers skólaárs og sér um innheimtu þeirra.

III Stjórn.

5. gr Kjarnastjórn félagsins skal skipuð níu meðlimum; forseta, varaforseta, gjaldkera, skemmtanastjóra, vefstjóra, forseta myndbandanefndar, ritstjóra og tveimur meðstjórnendum. Meðstjórnendur skulu vera nemendur á fyrsta námsári.

6. gr Fullmönnuð stjórn félagsins skal skipuð forseta, varaforseta, gjaldkera, tveimur meðstjórnendum, skemmtanastjóra og fjórum meðlimum skemmtinefndar, vefstjóra og einn meðlimur í vefstjórn, forseta myndbandanefndar og þremur meðlimum myndbandanefndar, ritstjóra og tveimur meðlimum ritnefndar og tveimur ljósmyndurum. Öllum meðlimum gefst kostur á að sækja vikulega fundi innan stjórnarinnar. Minnst einn meðlimur skemmtinefndar skal vera á fyrsta námsári en öðrum meðlimum skemmtinefndar er heimilt að vera á öllum námsárum.

7. gr Forseti er fulltrúi félagsins út á við. Hann heldur utan um starfsemi félagsins, boðar félagsfundir og stýrir þeim. Forseti á að sjá til þess að lög félagsins séu yfirfarin og samhæfir þau ásamt vefstjóra eftir aðalfund.

8. gr Gjaldkera ber að annast rekstrarbókhald félagsins og skal standa skil á rekstrarbókhaldi á aðalfundi. Sérstaklega ber honum að veita nefndum félagsins aðhald varðandi fjármál og

skil gagna. Hann skal að auki eigi síðar en í byrjun hvers skólaárs endurskoða rekstrarbókhald fráfarandi stjórnar. Sé eitthvað athugasvert við rekstrarbókhald fráfarandi stjórnar skal gjaldkeri bera málið undir fyrsta félagsfund að hausti. Gjaldkera ber að skila rekstrarbókhaldi til viðtakandi gjaldkera um leið og störfum hans lýkur. Gjaldkera ber að gera stjórnarmeðlimum reglulega grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins.

9. gr Gjaldkeri verður að halda vel um allar kvittanir og reikninga þann tíma sem hann er við störf og skila af sér til verðandi gjaldkera.

10. gr Varaforseti skal skrá fundargerðir stjórnarfunda og almennra félagsfunda. Honum ber einnig að halda annál yfir það sem gert er á vegum félagsins. Varaforseti tekur sæti forseta ef forseti segir embætti sínu lausu eða er fjarverandi til langs tíma.

11. gr Ef að varaforseti getur ekki setið fund skal hann tilnefna annan stjórnarmeðlim til að sinna störfum sínum.

12. gr Skemmtanastjóri skal hafa yfirumsjón með öllu skemmtanahaldi á vegum félagsins, þar með talið árshátíðinni. Hann er jafnframt formaður skemmtinefndar.

a. Skemmtinefnd.

i. Hlutverk nefndarinnar er að sjá um árshátíð og og annað skemmtanahald á vegum félagsins.

ii. Fjórir fulltrúar í skemmtinefnd skulu vera kosnir á haustfundi félagsins og að minnsta kosti einn skal vera á fyrsta ári.

iii. Skemmtinefnd skal sjá um að skipuleggja vísindaferðir fyrir félagið.

b. innan skemmtinefndar starfa 5 meðlimir og þeir skulu allir vinna kappi að því að sjá um og skipuleggja skemmtanalíf félagsins. innan nefndarinnar skal setja upp verkefnaskipulag til að auðvelda og deila ábyrgð

i. Einn meðlimur skemmtinefndar skal taka að sér að vera ábyrgðarmaður auglýsinga eða einum meðlim myndbandanefndar, ábyrgðamaður verður valin í samræmi við forseta og skemmtunarstjóra. Í því felst að vita hvernig auglýsingum viðburða fer fram og fylgja þeim eftir

ii. Allir meðlimir skemmtinefndar vera virkir þátttakendur í skipulagningu stærri viðburða og þar að meðal vísindaferðum

13. gr Vefstjóri ber ábyrgð á að heimasíðu félagsins sé viðhaldið og að hún verði samskiptatæki stjórnar og nemenda. Einnig skal hann hafa yfir sín á aðrar síður á vegum félagsins eins og samfélagsmiðla. Vefstjóri hefur, ásamt forseta, umsjón með að samræma lög félagsins að aðalfundi loknum og birta þau á heimasíðu þess. Honum ber einnig að varðveita afrit laga í ár eftir lok kjörtímabils.

i. Vefstjóri skal sinna hlaðvarpi, og gefa út allavegna tvo þætti á skólaári.

ii. Vefsstjórn skal kjósa á haustkosningum og er þar einn meðlimur sem verður kjörinn til vefstjórn. Hann skal hjálpa vefstjóra með hlaðvarp Animu og vefsí vefsíðu Animu.

14. gr Stjórn ber að boða til samráðsfundar stjórnar og allra nefnda að minnsta kosti einu sinni á skólaári.

15. gr Segi einhver stjórnarmeðlima embætti sínu lausu fyrir fyrsta félagsfund að hausti skal það auglýst og kosið í það á fyrsta félagsfundi að hausti. Segi einhver stjórnarmeðlima embætti sínu lausu síðar á skólaárinu skal stjórn auglýsa það til umsóknar sem fyrst og veita sjö daga umsóknarfrest. Ef um forsetaembætti er að ræða tekur varaforseti við því og kosið er í embætti varaforseta. Stjórn skal að þeim tíma liðnum velja í embættið úr umsækjendum.

Séu tveir eða fleiri umsækjendur um embætti getur hver þeirra farið fram á almennan félagsfund (sú ósk skal koma fram áður en umsóknarfresturinn er liðinn) þar sem kosið sé á milli umsækjenda með einfaldri atkvæðagreiðslu og skal hann haldinn innan þriggja daga frá því að umsóknarfrestur er liðinn. Sé aðeins einn umsækjandi þarf atkvæði einfalds meirihluta stjórnar svo hann teljist kjörinn. Sé enginn umsækjandi er stjórn heimilt að skipa í embættið. Nái stjórn ekki samkomulagi um skipun í embættið skal forseti hafa oddaatkvæði.

16. gr Leiki grunur á vanrækslu stjórnarmeðlims í embætti skal boða til stjórnarfundar. Meirihluti stjórnar hefur þá rétt til að krefjast brottreksturs viðkomandi stjórnarmeðlims. Leysist málið ekki innan stjórnar skal kalla til almenns félagsfundar með amk sjö daga fyrirvara þar sem félagsmenn ákveða með atkvæðagreiðslu hvort viðkomandi stjórnarmeðlimur haldi embætti sínu. Skal meirihluti stjórnar velja sér fulltrúa sem gerir fundarfólki grein fyrir afstöðu stjórnar og skal sá stjórnarmeðlimur sem sakaður er um vanrækslu halda uppi vörnum, kjósi hann það. Amk 2/3 greiddra atkvæða þurfa að falla viðkomandi stjórnarmeðlim í óhag til að af embættismissi verði. Gerist það skal velja í embættið eins og segir í grein 3.10.

IV Nefndir og fulltrúar .

17. gr Hagsmunafulltrúi nemenda

a. Hagsmunafulltrúi situr í stjórn sálfræðideildar er fulltrúi allra nemenda. Hann skal kosinn degi fyrir aðalfund og hafa allir nemar við sálfræðideild atkvæðisrétt. Hann sér um nemendaráðgjöf í samráði við stjórn félags og stjórn deildar. Hagsmunafulltrúi nemenda í stjórn sálfræðideildar fer fyrir hönd nemenda með þau atkvæði sem grunnnemar í sálfræði eiga í stjórn sálfræðideildar samkvæmt lögum H.Í. og tekur á sig þær skyldur sem kveðið er á um í þeirri grein. Hagsmunafulltrúi nemenda starfar samkvæmt erindisbréfi sem stjórn deildar og stjórn félagsins kemur sér saman um.

b. Komi til þess að hagsmunafulltrúi nemenda eða fulltrúi í einhverri af nefndum félagsins segi embætti sínu lausu síðar á skólaárinu skal stjórn auglýsa það til umsóknar sem fyrst og veita 7 daga umsóknarfrest. Stjórn ásamt þeim er eftir sitja í viðkomandi nefnd (ellegar hagsmunafulltrúa nemenda eða skorarfulltrúum eftir því sem við á) skulu að þeim tíma liðnum velja í embættið úr umsækjendum. Séu 2 eða fleiri umsækjendur um embætti getur hver þeirra farið fram á almennan félagsfund (sú ósk skal koma fram áður en umsóknarfresturinn er liðinn) þar sem kosið sé á milli umsækjenda með einfaldri atkvæðagreiðslu og skal hann haldinn innan 3 daga frá því að umsóknarfrestur er liðinn. Sé aðeins 1 umsækjandi þarf atkvæði einfalds meirihluta stjórnar- og nefndarfólks svo hann teljist kjörinn. Sé enginn umsækjandi er stjórn ásamt viðkomandi nefndarfólki heimilt að skipa í embættið. Nái stjórn og viðkomandi nefndarfólk ekki samkomulagi um skipun í embættið skal formaður stjórnar hafa oddaatkvæði.

18. gr Ritnefnd Sálu.

a. Ritnefnd Sálu rekur heimasíðuna sala.hi.is og skal gefa út fróðlegar greinar um sálfræði og sálfræðinám auk viðtala og skemmtiefnis á þeirri síðu. Á síðunni skulu vera fróðlegar greinar um sálfræði og sálfræðinám auk viðtala og skemmtiefnis.

b. Ritnefnd Sálu skal skipuð þremur félagsmönnum. Tveir nefndarmanna skulu vera

kosnir á haustfundi, en ritstjóri skal vera kosinn á aðalfundi. Ritstjóri er ábyrgur fyrir tengslum nefndarinnar við stjórn Animu og ber ábyrgð á efni þess sem ritnefndin gefur út.

19. gr Ljósmyndarar Animu.

i. Ljósmyndarar skulu vera tveir og kosnir á haustfundi. Ljósmyndarar bera ábyrgð á því að taka ljósmyndir á viðburðum félagsins og birta þær á heimasíðu félagsins og öðrum miðlum á vegum félagsins.

20. gr Myndbandanefnd.

i. Hlutverk myndbandanefndar er að gefa út myndbönd á vegum félagsins. Undir þessi myndbönd falla nýnemamyndbandið, sem unnið er í samstarfi við stjórn Animu og árshátíðarmyndbandið, sem sýnt er á árshátíð félagsins. Myndbandanefnd er frjálst að gefa út fleiri myndbönd ef kostur er á því.

ii. Myndbandanefnd skal skipuð forseta og skal hann kosinn á aðalfundi. Forseti myndbandanefndar er ábyrgur fyrir tengslum nefndarinnar við stjórn Animu og ber ábyrgð á útgefnu efni frá nefndinni.

iii. Myndbandanefnd skal skipuð þremur félagsmönnum. Þeir nefndarmenn skulu kosnir á haustfundi, ef mikill eftirskón er í nefndina skal forseti myndbandanefndar og forsetinn ræða fjölda saman.

iv. Einn meðlimur myndbandanefndar skal vera kjörin samfélagsmiðlastjarna, sá aðili skal sjá um helstu samfélagsmiðla félagsins eins og Instagram, facebook og Tiktok.

21. gr Nefndir innan félagsins skulu gera stjórninni grein fyrir störfum sínum með jöfnu millibili. Einnig er fulltrúum nefnda skylt að mæta á félagsfundi.

V Aðalfundir

22. gr Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar undir lok vorannar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Auglýsa skal eftir framboðum. Dagskrá aðalfundar skal vera venjuleg aðalfundarstörf auk annarra mála.

23. gr Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a. Ársskýrsla lögð fram.
- b. Ársreikningur borinn til samþykktar.
- c. Lagabreytingar
- d. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár
 - i. Forseti
 - ii. Varaforseti
 - iii. Gjaldkeri
 - iv. Skemmtanastjóri
 - v. Vefstjóri
- e. Kosning ritstjóra Sálu.
- f. Kosning forseta myndbandanefndar.
- g. Önnur mál.

24. gr Atkvæðagreiðsla á aðalfundi.

- a. Fyrir lagabreytingar fer fram atkvæðagreiðsla með handauppréttingu. Fari einn eða fleiri félagsmenn fram á leynilega atkvæðagreiðslu skal við því orðið ef um það er beðið með minnst þriggja daga fyrirvara.

- b. Fyrir stjórnarstörf fer fram leynileg atkvæðagreiðsla með kjörseðlum. Ef aðeins eitt framboð er í embætti má kjósa um það með handauppréttingu, en aðeins ef allir félagsmenn á aðalfundi samþykkja.
 - i. Til að ná kjöri í embætti má hlutfall auðra seðla í það embætti ekki vera meira en helmingur af greiddum atkvæðum og er óháð fjölda frambjóðenda í embættið. Nái enginn kjöri í það embætti skal kosning um viðkomandi embætti fara fram á næsta félagsfundi.
 - ii. Sé kosning jöfn á aðalfundi telst hún ógild og skal þá kosið aftur um efstu tvö framboðin. Ef einungis tvö framboð er að ræða skal kjósa aftur um embættið á næsta félagsfundi.

VI Haustfundur.

25. gr Haustfund skal halda í september.

26. gr Dagskrá haustfundar skal vera eftirfarandi.

- a. Kosning fundarstjóra
- b. Ávarp skemmtanastjóra um komandi skólaár
- c. Kosning í nefndir
 - i. Tveir fulltrúar í ritnefnd
 - ii. Fjórir fulltrúar í skemmtinefnd
 - iii. Tveir fulltrúar í meðstjórn
 - iv. Kosning í myndbandanefnd
 - v. Kosning tveggja ljósmyndara
 - vi. Einn meðlimur í vefstjórn
- d. Önnur mál.

27. gr Á haustfundi skal kjósa tvo fulltrúa í ritnefnd Sálu.

28. gr Á haustfundi skal kjósa fjóra fulltrúa skemmtinefndar í stjórn félagsins. Að minnsta kosti einn fulltrúi skal vera á fyrsta námsári.

29. gr Á haustfundi skal kjósa tvo meðstjórnendur af fyrsta ári í stjórn félagsins.

30. gr Á haustfundi skal kjósa fulltrúa í myndbandanefnd. Fjöldi fulltrúa í myndbandanefnd er ákveðinn af forseta myndbandanefndar í samráði við stjórn Animu.

31. gr Á haustfundi skal kjósa tvo ljósmyndara.

32. gr Á haustfundi skal kjósa einn meðlim í vefstjórn

33. gr Atkvæðagreiðsla haustfundar fer fram nafnlaust.

34. gr Sé jafnt á munum við kosningar í nefndir á félagsfundi, öðrum en aðalfundi, skal kosið á milli efstu frambjóðenda. Stjórn skal sjá til þess að auglýsa fyrirkomulag og tímasetningu kosninga utan félagsfundar. Stjórn skal sjá til þess að kynna framboðin viku fyrir kosningar og að opið sé fyrir kosningar í a.m.k. þrjá daga. Sé enn jafnt á mun skal stjórn, ásamt viðeigandi nefnd, velja á milli frambjóðenda og skal forseti þeirrar nefndar sem við á hafa oddaatkvæði ef til kemur.

VII Aðrir félagsfundir.

35. gr Boða skal til félagsfundar ef taka þarf á brýnum málum og bera undir félagsmenn.

36. gr Stjórnin skal boða félagsfund með minnst þriggja daga fyrirvara.

37. gr Hver félagsmaður hefur rétt á að sækjast eftir að félagsfundur verði haldinn. Rökstyðja þarf beiðni um félagsfund og skal stjórn Animu ákvarða hvort félagsfundur verði haldinn.

VIII Lög.

38. gr Allir félagsmenn geta lagt fram tillögur um lagabreytingar. Lagabreytingum skal skila til forseta sem svo fer með þær til vefstjóra og hagsmunafulltrúa til umfjöllunnar eigi síður en 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund.

39. gr Tillögum, sem og breytingartillögum við þessi lög sem liggja fyrir félagsfundi skal birta á vefsíðu félagsins og/eða á öðrum samfélagsmiðlum í síðasta lagi þrem dögum fyrir félagsfund.

40. gr Breytingatillögur á lögum félagsins sem og aðrar tillögur skulu samþykktar á almennum félagsfundi eða á aðalfundi með meira en helmingi atkvæða.

41. gr Ef minna en helmingur félagsmanna situr félagsfund þarf 3/4 greiddra atkvæða til að tillögur til breytinga á lögum teljist samþykktar.

42. gr Lög þessi gilda frá og með 12.apríl 2025 Lög A